



Uppdráttur af Garðafloa og öllu Garðalandi ásamt allri byggðri kirkjulóð á Akranesi. Teiknað á Akranesi, 22. júlí 1897, Ólafur Jónsson. (O.14 Garðafloi 2000/GA/1/1).

Akraneskaupstaður

# 2013 – ársskýrsla



**HÉRAÐSSKJALASAFN AKRANESS**  
AKRANES MUNICIPAL ARCHIVES



**LJÓSMYNDASAFN AKRANESS**  
AKRANES MUSEUM OF PHOTOGRAPHY

## **Janúar**

11. janúar fór héraðsskjalavörður í heimsókn á héraðsskjalasafnið í Mosfellsbæ.

Í janúar lauk átaki ÍSÍ og félagi Héraðsskjalavarða, skýrsla með lokaniðurstöðum var send.

## **Febrúar**

15. febrúar kom Birna Mjöll Sigurðardóttir héraðsskjalavörður í Mosfellsbæ í heimsókn.

Hillur í geymslu keyptar og settar upp.

26. febrúar fór héraðsskjalavörður á Borgarskjalasafn með skjalaafhendingu, skjöl frá Jóhannesi Kr. Jóhannessyni. Og einnig í stutta heimsókn.

## **Mars**

1. mars Símafundur félags héraðsskjalavarða, kynning á nýjum Upplýsingalögum.

12. mars byrjar starfsmaður í átaksverkefni „vinnandi vegur“ Sif Ólafsdóttir. Verður í 6 mánuði og skiptist vinnuframlag hennar á milli skjalasafns, ljósmyndasafns, bókasafns og Kirkjuhvols.

22. mars fór héraðsskjalavörður ásamt Birnu Mjöll, héraðsskjalaverði í Mosfellsbæ, í heimsókn á skjalasafnið í Borgarnes. Á móti okkur tók Jóhanna.

Ársskýrsla gefin út í lok mánaðarins.

## **Apríl**

4. apríl Vinnufundur á Bifröst ásamt starfsfólki bókasafns.

12. apríl fundur á ÞÍ.

27. apríl Héraðsskjalasafn 20 ára. Í tilefni afmælisins var búinn til bæklingur og gefinn út, honum svo dreift í öll hús í bænum.

## **Mái**

3. – 6. maí, afmælis/kynningarbæklingi héraðsskjalasafns dreift í hús bæjarins.

## **Júní**

Sunnudaginn 9. júní var Alþjóðlegi skjaladagurinn (International Archives Day) haldinn hátíðlegur í sjötta sinn. Skjalasöfn um allan heim tóku þátt með einum eða öðrum hætti og af þessu tilefni var opið föstudaginn 6. júní kl. 14-16.

## **Júlí Safnið lokað**

## Ágúst

Gerður héraðsskjalavörður tók aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi. Erla Dís Sigurjónsdóttir hélt áfram störfum á safninu út ágúst.

## September

*Ármann Kr. Ólafsson  
bæjarstjóri Kópavogs ávarpar  
ráðstefnugesti og setur  
ráðstefnuna.*

Dagana 23. og 24. september  
tók Héraðsskjalasafn  
Kópavogs á mótí fulltrúum  
systurstofnana sinna af öllu  
landinu á ráðstefnu sem  
haldin var í stúkunni við  
Kópavogsvöllinn.



Á ráðstefnunni voru málstofur þar sem tekið var á ýmsum þáttum í daglegu starfi safnanna, svo sem staðlaða skráningu skjalasafna og reglur um aðgengi að þeim, nýlegar útgáfur skjalasafna bæði prentuð rit og á vef, samstarf við sögufélög og sameiginleg átök héraðsskjalasafnanna um söfnun skjala og margt fleira.

## Október

Skipið sem samfélag - fyrirlestur  
Guðjóns Þórs Grétarssonar,  
þjóðfræðings.

Togarasjómenn eiga sér fleira en eitt heimili – eitt í landi og annað á sjó. Um hið síðara fjallaði skagamaðurinn Guðjón Þór Grétarsson í fyrirlestri sínum. Guðjón skrifaði BA ritgerð um síðutogarann Víking AK 100 sem gerður var út frá Akranesi og byggir hún á viðtölum við fyrstu áhöfn Víkings, sjálfsmynd áhafnarinnar, viðurnefni, tungumál og hvernig áhöfnin nýtti sér rými skipsins. Í tengslum við fyrirlesturinn var sýningin Víkingur AK 100 á Veggnum og dagskrá á vegum Héraðsskjalasafnsins og Ljósmyndasafns Akraness.



**Nóvember** - Norrænn skjaladagur 9. nóvember.

Af því tilefni var opið á skjalasafninu á laugardeginum frá kl. 11-14.

Á þeim degi var vel viðeigandi að fá stóra skjalaafhendingu frá Sundfélagi Akraness. Trausti Gylfason formaður félagsins afhenti. Í afhendingunni eru skjöl af ýmsum toga, myndbönd, ljósmyndir og plaköt.



## **Desember**

Sameiginlegt Facebook átak safnanna að Dalbraut 1. Í desember tókum við upp á þeirri nýjung að telja niður til jóla á Facebook síðum safnanna að Dalbraut 1. Þetta átak vakti mikla athygli og náði takmarki sínu sem var að auka fylgni safnanna. Niðurtalningin fór fram með ýmsum hætti, t.d. myndir úr Ljósmyndasafni Akraness, myndir af jólaskrauti safnanna, kort úr einkaskjalasöfnum, vísur tengdar vetri, veðri eða árstíð og margt, margt fleira. Sýning úr safni Jóhönnu Þorgeirsdóttur af jólakortum var sett aftur upp enda orðin að klassískum viðburði að Dalbraut 1.

Þann 19. desember gaf Íprótta- og Ólympíusamband Íslands öllum héraðsskjalasöfnum á Íslandi bókina Ípróttabókin, ÍSÍ – saga og samfélag í 100 ár. Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ afhenti fulltrúum héraðsskjalasafna á Íslandi eintak af afmælisbók ÍSÍ sem ber heitið „Ípróttabókin – ÍSÍ, saga og samfélag í 100 ár“. ÍSÍ ákvað að gefa öllum héraðsskjalasöfnum á landinu eintak af bókinni, sem inniheldur mikinn fróðleik um ípróttir í íslensku samfélagi síðustu 100 árin. Bókin var gefin út í tilefni af aldarafmæli sambandsins í fyrra. Á afmælisárinu stóðu ÍSÍ og héraðsskjalasöfn á landinu fyrir átaki í að safna og skrá skjöl ípróttafélaga landsins. Meginmarkmið átaksins var að safna og skrá eldri skjöl ípróttafélaga, s.s. fundargerðir, sendibréf, félagaskrár, bókhald og ljósmyndir. Góður árangur varð af áttakinu en milli 150 og 200 hillumetrar af skjölum frá yfir 300 ípróttafélagum eru nú í vörslu héraðsskjalasafnanna. Átakið var upphafið að góðri samvinnu ípróttafélaga og héraðsskjalasafna á landinu sem vonandi skilar áframhaldandi vitundarvakningu um mikilvægi þess að varðveita gögn og ljósmyndir úr starfi ípróttahreyfingarinnar.



Á meðfylgjandi mynd eru f.v.: Gerður Jóhannsdóttir frá Héraðsskjalasafni Akraness, Þorsteinn Tryggvi Másson frá Héraðsskjalasafni Árnesinga, Birna Mjöll Sigurðardóttir frá Héraðsskjalasafni Mosfellsbæjar, Hrafn Sveinbjarnarson frá Héraðsskjalasafni Kópavogs, Svanhildur Bogadóttir frá Borgarskjalasafni og Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ.

(Ljósmynd: Svanhildur Bogadóttir)

**Tölulegar upplýsingar ársins:**

Frá 1.1.-20.12.2013 komu 208 gestir.

Afhendingar ársins voru 80 + 10 viðbætur við fyrri afhendingar. Samtals 90 afhendingar.

Fjöldi aðila sem afhentu skjöl var: 53

Þar af voru afhendingar skilaskyldra stofnana: 20

<b>Afhendingaraðili</b>	<b>nr.</b>
Haraldur Sturlaugsson	1
Akraneskaupstaður-launadeild (Ásdís Gunnarsdóttir)	2
Hrafnhildur Sigurðardóttir	3
Hrafnhildur Sigurðardóttir	4
Hrafnhildur Sigurðardóttir	5
Hrafnhildur Sigurðardóttir	6
Gestur Sveinbjörnsson	7
Björn Ingi Finsen	8
Guðrún Engilbertsdóttir	9
Haraldur Sturlaugsson	10
Guðrún Bragadóttir	11
Halldóra Jónsdóttir	12
Ragnheiður Jósúadóttir, Álfís Gunnarsdóttir, 4 afhendingar.	13
Haraldur Sturlaugsson	14
Helgi Daníelsson, 5 afhendingar	15
Fjölbrautaskóli Vesturlands	16
Leifur Ívarsson	17
Haraldur Sturlaugsson	18
Friðþjófur Helgason	19
Ragnar Þórðarsson	20
Bragi Níelsson, læknir	21
Svavar Garðarsson	22
Haraldur Sturlaugsson	23
Kristján Heiðar	24
Þórður Þórðarsson, 2 afhendingar	25
Jón Allansson fh. Byggðasafnsins að Görðum	26
Magnús Þór Hafsteinsson	27
Þórólfur Ágústsson og Ágúst Þórólfsson	28
Ragnheiður Ólafsdóttir	29
Atli Marínóson	30
Elín Þorvaldsdóttir	31
Elín Þorvaldsdóttir	32
Elín Þorvaldsdóttir	33
Elín Þorvaldsdóttir	34
Elín Þorvaldsdóttir	35
Elín Þorvaldsdóttir	36
Bíóhöllin Akranesi	37
Elín Þorvaldsdóttir	38
Björn Ingi Finsen	39
Brekkubæjarskóli	40
Eydís Líndal Finnbogadóttir	41
Ásta Björnsdóttir	42

Elín Þorvaldsdóttir	43
Elín Þorvaldsdóttir	44
Elín Þorvaldsdóttir	45
Elín Þorvaldsdóttir	46
Elín Þorvaldsdóttir	47
Elín Þorvaldsdóttir	48
Elín Þorvaldsdóttir	49
Haraldur Sturlaugsson	50
Sigríður Beinteinsdóttir	51
Grundaskóli (Sigurður)	52
Ingibjörg Jóna Jónsdóttir	53
Akraneskaupstaður	54
Björn Ingi Finsen	55
Guðný Jónsdóttir	56
Hrafnhildur Sigurðardóttir	57
Ingunn Ríkharðsdóttir	58
Leikskólinn Teigasæl, 3 afhendingar	59
Pétur Svanbergsson	60
Vilborg Ragnarsdóttir	61
Svala Bragadóttir	62
Einkaskjalasafn – ýmis einkaskjöl	63
Hrafnhildur Jónsdóttir	64
Sjöfn Pálfríður Jónsdóttir	65
Guðmundur Guðmundsson, ritari	66
Hrönn Ríkharðsdóttir	67
Ásmundur Ólafsson	68
Þórður Ólafsson	69
Björn Pétursson	70
Börkur Kjartansson	71
Hlini Eyjólfsson	72
Trausti Gylfason, formaður Sundfélags Akraness	73
Ingibjörg Ösp Júlíusdóttir	74
Sigríður Beinteinsdóttir	75
Björn Ingi Finsen	76
Guðbjörg Árnadóttir	77
Ásgeir Guðmundsson	78
Guðbjörg Róbertsdóttir	79
Jóhann Ársællsson	80

Það sem helst stendur frammi fyrir dyrum er rakavandamál í geymslu safnanna. Þar á kjör rakastig að vera um 40% en skv. meðfylgjandi töflu yfir hita og raka þá sést að svo er alls ekki. Hitastig í geymslu er alveg ásættanlegt en þessar miklu sveiflur í rakastigi og langvarandi þurrkur er algjörlega óásættanlegur.

